



Tilgangur

Þetta skjal veitir þér lykilupplýsingar um viðkomandi fjárfestingaráfurð. Það er ekki markaðsefni. Upplýsingarnar eru lögboðnar og markmið beirra er að auðvelda þér að skilja eðli, áhættu, kostnað og mögulegan hagnað og tap af afurðinni og að bera hana saman við aðrar afurðir.

Afurð

Heiti:	IS EQUUS hlutabréf hs.	Kennitala:	690517-9570
Rekstraraðili:	Íslandssjóðir hf.	ISIN:	IS0000028843
Sími:	+354 440 4900	Vörsluaðili:	Íslandsbanki hf.
Vefsíða:	https://www.islandssjodir.is/sjodir/	Söluaðili:	Íslandsbanki hf.

Sjóður þessi hefur hlotið staðfestingu á Íslandi og er rekinn af Íslandssjóðum hf. kt. 690694-2719, dótturfélagi Íslandsbanka hf. Íslandssjóðir hafa starfsleyfi á Íslandi og heyra undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins.

Vakin er athygli á að um flókna afurð er að ræða og erfitt gæti verið að skilja án ráðgjafar.

Hvers konar afurð er þetta?

Tegund

Sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta.

Líftími

Sjóðurinn er opinn sjóður og hefur enga lokadagsetningu. Sjóðnum verður ekki slitið nema að fyrir liggi samþykki stjórnar Íslandssjóða hf. á breytingum reglna sjóðsins þess efnis. Frekari upplýsingar er að finna í útboðslýsingu sjóðsins.

Markmið

Markmið sjóðsins er langtímaávöxtun með fjárfestingum í hlutabréfum eða öðrum fjármálagerningum þeim tengdum, þ.m.t. afleiðum þar sem undirliggjandi eignir eru hlutabréf eða breytanleg skuldabréf.

Fjárfestingar sjóðsins skulu að meginstefnu vera í hlutabréfum og heimildarskíteinum vegna hlutabréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulögðum markaði á Íslandi. Einnig er heimilt að fjárfesta í hlutabréfum skráðum í erlenda kauphöll og í óskráðum hlutabréfum, enda séu hlutabréfin í félögum sem hafa verulegan hluta af starfsemi sinni á samstæðugrunni á Íslandi eða eru með skráð lögheimili á Íslandi.

Sjóðurinn leitast við að fjárfesta í traustum hlutafélögum sem eru talin vera í vexti og eru vanmetin m.v. vöxt hagnaðar og stuðst er við grunngreiningu. Til þess að auka vænta ávöxtun mun sjóðurinn fjárfesta í fáum félögum hverju sinni sem hefur jafnframtí þau áhrif að áhættudreifing verður minni. Fjárfesting í afleiðum vegna stöðutöku er einnig liður í fjárfestigarstefnu sjóðsins og mun sjóðurinn með virkum hætti nýta sér afleiðusamninga til að framfylgja fjárfestigarstefnu sinni sem mun fela í sér skuldsamningu (vogun) af hálfu sjóðsins. Heildaráhætta skal að hámarki vera 50% af hreinni eign sjóðsins. Einnig er sjóðnum heimilt að taka lán til skamms tím allt að 25% af verðmæti eigna sjóðsins og getur því áhættuskuldbinding (vogun) verið 175% af hreinni eign ef lántokuheimild og afleiðunotkun er fullnytt. Stýring sjóðsins byggir á markvissri eignaráðstöfun (e. tactical asset allocation) með tíðri aðlögun eignasamsetningar. Fjárfestingar sjóðsins eru fjármagnaðar með útgáfu hlutdeildarskíteina. Sjóðurinn er vaxtarsjóður, þ.e. vextir, vaxtavextir, arður og aðrar tekjur leggjast við höfuðstól. Ekki er greiddur arður af eignarhlutdeild í sjóðnum.

Ávöxtun sjóðsins ræðst af hækkan eða lækkun á markaðsvirði eigna sjóðsins á fjárfestingartímanum, þ.e. það tímabil sem þú átt hlutdeildarskíteini í sjóðnum. Hægt er að kaupa og innleysa hlutdeildarskíteini alla virka daga að venjulegum kringumstæðum.

Fyrirhugaður almennur fjárfestir

Sjóðurinn hentar fjárfestum sem vilja ávaxta fé í fimm ár eða lengur og skilja að fjárfestingurinn getur lækkað jafnt sem hækkað og bola frekar miklar verðsveiflur. Til að fjárfesta í sjóðunum er ekki krafist sérstakrar þekkingar né reynslu á fjármálamörkuðum eða fjárfestingu í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu.

Nánari upplýsingar

Frekari upplýsingar um sjóðinn, þar með talið innlausnarvirði (gengi) sjóðs, útboðslýsingu sjóðsins, tilhögun viðskipta, upplýsingablað, ársreikning sjóðsins og Íslandssjóða ásamt starfskjara stefnu Íslandssjóða á íslensku má nálgast á www.islandssjodir.is.



Hverjar eru áhættunar og hvaða ávoxtun gæti ég fengið?

1	2	3	4	5	6	7
---	---	---	---	---	---	---

Minni áhætta

Meiri áhætta



Áhættuvísir gengur út frá því að þú haldir afurðinni í 5 ár.

Samantekinn áhættuvísir er leiðbeinandi um áhættustig þessarar afurðar í samanburði við aðrar afurðir. Hann sýnir hversu líklegt er að afurðin muni lækka í verði vegna hreyfinga á mörkuðum.

Sjóðurinn mælist í áhættuvísí 5 af 7, þ.e.a.s sem meðal hár áhættuvísir. Þetta þýðir að það er meðal há áhætta á sveiflum í gengi sjóðsins. Áhættuvísirinn endurspeglar aðallega verðbreytingar í eignum sem sjóðurinn hefur fjárfest í.

Áhættupættir sem hafa áhrif á verðmæti eignarhlutar í sjóðnum en áhættuvísirinn nær ekki yfir:

Mótaðilaáhætta: Hættan á tapi sjóðs sökum þess að mótaðili viðskipta stendur ekki við skuldbindingar sínar áður en lokauppgjör sjóðstremmis viðskiptanna á sér stað.

Rekstraráhætta: Hættan á tapi sjóðs vegna ófullnægjandi innri ferla og mistaka í tengslum við mannað og kerfi rekstrarfélagsins, eða vegna ytri atburða, þ.m.t. lagaleg og pólitisk áhætta og áhætta vegna verklags við viðskipti, miðlun, uppgjör og mat sem innt er af hendi fyrir hönd sjóðsins.

Seljanleikaáhætta/Lausafjáráhætta: Hættan á að ekki sé hægt að selja, innleysa eða loka stöðu í eignasafni sjóðsins, með takmörkuðum kostnaði og innan ássættanlegs tímaramma.

Sjálfþærni áhætta: Atburður eða ástand á sviði umhverfismála, félagsmála eða stjórnarháttar sem gæti, ef hann gerist, haft raunveruleg eða hugsanleg veruleg neikvæð áhrif á virði fjárfestingarinnar.

Þessi afurð felur ekki í sér vernd gegn framtíðarárangri markaðarins þannig að þú gætir tapað hluta af eða allri fjárfestingu þinni í sjóðnum.

Árangurssviðsmyndir

Þessi tafla sýnir féð sem þú gætir fengið til baka á næstu 5 árum samkvæmt mismunandi sviðsmyndum. Sviðsmyndin tekur mið af fjárfestingu fyrir 1.000.000 kr.

Sviðsmyndirnar varpa ljósi á hver árangur fjárfestingar þinnar gæti verið. Þú getur borið þær saman við sviðsmyndir annarra afurða. Sviðsmyndirnar sem settar eru fram eru mat framtíðarárangurs sem byggður er á gögnum úr fortíðinni um hve mikil verðmæti þessarar fjárfestingar breytist en ekki nákvæmur mælikvarði. Það sem þú færð veltur á því hvernig markaðurinn starfar og hve lengi þú heldur fjárfestingunni. Álagssviðsmyndin sýnir hvað þú gætir fengið til baka við alvarlegar markaðsaðstæður og hún tekur ekki tillit til aðstæðna þegar við getum ekki greitt þér.

Tölurnar sem sýndar eru fela í sér allan kostnað við afurðina sjálfa og hámarks upphafsbóknun sem rennur til söluaðila en ekki endilega allan þann kostnað sem þú greiðir ráðgjafa þínúm eða söluaðila og felur í sér kostnað vegna ráðgjafa þíns eða söluaðila. Tölurnar taka ekki tillit til persónulegrar skattastöðu þinnar sem getur einnig haft áhrif á hversu mikil þú færð til baka.

Ráðlagður fjárfestingartími: 5 ár

Fjárfesting: 1.000.000 kr.

Ef innleyst eftir (ár):

Lágmark	Lágmarksávoxtun er ekki tryggð, þú getur tapað hluta eða allri fjárfestingu þinni	1	5
Álagssviðsmynd	Það sem þú getur fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar Meðalávoxtun á hverju ári	537.000 kr -46,3%	321.000 kr -20,3%
Óhagstæð sviðsmynd	Það sem þú getur fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar Meðalávoxtun á hverju ári	844.000 kr -15,6%	983.000 kr -0,3%
Hófleg sviðsmynd	Það sem þú getur fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar Meðalávoxtun á hverju ári	1.108.000 kr 10,8%	1.806.000 kr 12,6%
Hagstæð sviðsmynd	Það sem þú getur fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar Meðalávoxtun á hverju ári	1.452.000 kr 45,2%	3.311.000 kr 27,1%

Hvað gerist ef Íslandssjóðir geta ekki greitt út?

Sjóðurinn ber einn ábyrgð á skuldbindingum sínum. Til fullnustu skuldbindinga sjóðsins standa einungis eignir sjóðsins. Rekstraraðili og vörluaðili sjóðsins bera ekki ábyrgð á skuldbindingum hans. Samkvæmt lögum skal vörluaðili sjóðsins varðveita alla fjármálagerninga sjóðs og tryggja aðgreiningu á varðveislu fjármálagerninga sjóðsins frá öðrum. Eignarhlutdeild í sjóðnum fellur ekki undir lágmarksvernd Tryggingasjóðs vegna fjármálaufyrirtækja, samkvæmt lögum nr. 98/1999 um innstæðutryggingu og tryggingarkerfi fyrir fjárfesta, né önnur bóta- eða ábyrgðarkerfi.

Hver er kostnaðurinn?

Aðilinn sem selur eða veitir ráðgjöf um þessa afurð kann að innheimta gjald vegna annars kostnaðar. Ef svo er, mun aðili þessi veita þér upplýsingar um þennan kostnað og sýna þér hvaða áhrif allur kostnaður mun hafa á fjárfestingu þína yfir tíma.

Kostnaður yfir tíma

Fjárhæðirnar sem eru sýndar fela í sér uppsafnaðan kostnað yfir mismunandi fjárfestingartímabil. Í heildarkostnaði er tekið tillit til staks kostnaðar, viðvarandi kostnaðar og aukakostnaðar. Tölurnar eru áætlaðar og þær geta breyst í framtíðinni. Lækkun á ávöxtun (RYI) sýnir hvaða áhrif heildarkostnaður, sem þú greiðir, mun hafa á ávöxtun sem þú kannt að fá af fjárfestingunni. Í heildarkostnaði er tekið tillit til staks kostnaðar, viðvarandi kostnaðar og aukakostnaðar.

Við gerum ráð fyrir að á ári 1 er 0% árleg ávöxtun. Fyrir önnur tímabil er gert ráð fyrir ávöxtun skv. hóflegri sviðsmynd.

Fjárfesting: 1.000.000 kr.

Ef innleyst eftir (ár):	1	5
Heildarkostnaður	59.400 kr	375.800 kr
Áhrif á ávöxtun á ári (RYI)*	5,9%	4,3%

(*) Þetta sýnir hvernig kostnaður lækkar ávöxtun þína á hverju ári á eignarhaldstímabilinu. Sem dæmi, þá sýnir þetta að innleysir þú fjárfestingu þína eftir ráðlagðan fjárfestingartíma þá er meðalávöxtun þín á hverju ári áætluð 16,9% fyrir kostnað og 12,6% eftir kostnað.

Samsetning kostnaðar

Fjárfesting: 1.000.000 kr.

Stakur kostnaður	% af fjárfestingu	Ef þú selur eftir 1 ár	
Inngöngukostnaður	Áhrif kostnaðar sem þú greiðir við upphaf fjárfestingar. Þetta er hámarks upphafsgjöld sem söluaðila er heimilt að innheimta skv. reglum sjóðsins. Í sumum tilfellum er mögulegt að gjaldið sé lægra, en upplýsingar um slíkt má nálgast hjá söluaðila sjóðsins.	2,0%	20.000 kr
Útgöngukostnaður	Við innheimtum ekki útgöngukostnað.	0,0%	0 kr
Viðvarandi kostnaður			
Umsjónarlaun og annar rekstrarkostnaður	Áhrif kostnaðar sem við innheimtum árlega fyrir stýringu sjóðsins. Þetta er byggt á rauntölum s.l. rekstrararár.	2,05%	20.600 kr
Viðskiptakostnaður	Áhrif kostnaðar við að kaupa og selja undirliggjandi fjárfestingar. Þetta er byggt á s.l. 3 rekstrarárum og breytist í takt við fjölda viðskipta sjóðsins.	1,88%	18.800 kr
Aukakostnaður			
Árangurstengdar þóknanir	Við innheimtum ekki árangurstenga þóknanir.	0,0%	0 kr

Hve lengi á ég að fjárfesta og get ég tekið fé út snemma?

Ráðlagður fjárfestingartími: 5 ár

Sjóðurinn er opinn en þar sem fjárfest er í hlutabréfum hentar sjóðurinn fjárfestum sem vilja ávaxta fé í fimm ár eða lengur og þola frekar miklar verðsveiflur. Þróun síðustu ára sýnir að verð á innlendum hlutabréfum sveiflast mikið og niðursveiflur geta verið langar. Hlutdeildarskírteini skulu innleyst að kröfu eigenda án kostnaðar en söluaðila sjóðsins er heimilt að innheimta afgreiðslugjald. Hægt er að kaupa og innleysa hlutdeildarskírteini alla virka daga. Pantanir sem berast fyrir viðmiðunartíma viðskipta kl. 15.00 eru afgreiddar að tveimur virkum dögum liðnum. Pantanir sem berast eftir viðmiðunartíma viðskipta afgreiðast að þremur virkum dögum liðnum.

Hvernig ber ég fram kvörtun?

Hægt er að bera fram kvörtun til Íslandsbanka, söluaðila sjóðsins, með tölvupósti á verdbref@islandsbanki.is, í síma 440 4000 eða í bréfpósti á heimilisfangið Hagasmári 3, 201 Kópavogur. Þú getur einnig sent Íslandssjóðum kvörtun með ýmsum hætti, s.s. með tölvupósti á islandssjodir@islandssjodir.is eða í bréfpósti á heimilisfangið Hagasmári 3, 201 Kópavogur.

Aðrar upplýsingar sem skipta máli

Frekari upplýsingar um sjóðinn má nálgast á: <https://www.islandssjodir.is/>

Ávöxtun sjóðs síðustu 10 ára (eða frá stofnun) má finna hér:

https://www.islandssjodir.is/library/Files/Sjodir-/utbodslysingar/EQUUS_utbodslysing.pdf